

## Upplýsingar um festur fyrir yfirbyggingar og áfestan búnað á grindur vörubifreiða

Sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja

### Reglugerð:

#### 14.01

Yfirbygging og áfestur búnaður, svo sem krani, vörulyfta og sturtubúnaður skal vera festur við ökutæki samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda þess eða festur við stálgrind þess þannig að spennur í efni grindarinnar verði hvergi hærri en  $150 \text{ N/mm}^2$  við notkun áfesta búnaðarins.

#### 14.14

Breytingar og viðgerðir á grind vörubifreiðar skulu vera gerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og samþykktar af Umferðarstofu.

### Ferli gagna

Gögn frá framleiðanda bifreiðarinnar (myndir og verklýsingar um festur yfirbyggingar við grind) skal framvísa á skoðunarstofu við nýskráningar- eða breytingarskoðun.

Munið að framvísa skal vigtarseðli við breytingarskoðun.